



SAMÞYKKT  
FYRIR  
SKÓLANEFND SVALBARÐSSTRANDARHREPPS

**Skipan, fundir og starfshættir**

1. gr.

Skólanefnd er skipuð af sveitarstjórn til fjögurra ára að afloknum bæjar- og sveitarstjórnarkosningum. Skólanefnd fer með málefni leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla eftir því sem lög og reglugerðir ákveða og sveitastjórn felur henni eftir því sem nánar er kveðið á um í þessari samþykkt sem gerð er í samræmi við Samþykkt um stjórn og fundarsköp Svalbarðsstrandarhrepps. Orðið skóli vísar hér á eftir til allra áður greindra skóla.

2. gr.

Sveitarstjórn getur hvenær sem er á kjörtímabili ákveðið að skipta um fulltrúa í skólanefnd ef ekki er um það ágreiningur innan sveitarstjórnar eða málefnalegar ástæður mæla með slíkri breytingu, svo sem ef fulltrúi, án lögmætra forfalla, mætir ekki á fundi nefndarinnar eða brýtur gegn þagnarskyldu. Enn fremur getur sveitarstjórnarfulltrúi krafist þess að nefndin verði endurskipuð. Sveitarstjórn er þó heimilt að hafna slíkri beiðni ef hún er bersýnilega tilefnislaus. Við framangreindar breytingar skal kjósa alla fulltrúa að nýju og fer þá um kjör skv. 1. mgr. 39. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

3. gr.

Skólanefnd gerir tillögu til sveitarstjórnar um stefnumörkun á sviði skólamála Svalbarðsstrandarhrepps. Nefndin fylgist með því að skólarnir vinni að settum markmiðum, veiti góða þjónustu og starfsemin sé skilvirk og hagkvæm.

4. gr.

Sveitarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum kjósa þrjá fulltrúa í skólanefnd til fjögurra ára í senn og þrjá til vara. Sveitarstjórn tilnefnir formann.

5. gr.

Skólanefnd fundar svo oft sem þurfa þykir, þó eigi sjaldnar er sex sinnum á ári. Skylt er að verða við tilmælum sveitarstjóra og skólastjóra um fund í skólanefnd enda sé fundarefni tilgreint. Einnig ber að boða til fundar ef a.m.k. helmingur aðalmanna í skólanefnd óskar þess. Boðun varamanna skal vera í samræmi við samþykktir sveitarstjórnar.

6. gr.

Auk skólanefndarmanna eiga eftirtaldir rétt til setu á skólanefndarfundi með málfrelsi og tillögurétti, þegar fjallað er um málefni viðkomandi skóla:

- a) Skólastjóri grunnskólans eða staðgengill í forföllum hans
- b) Leikskólastjóri eða staðgengill í forföllum hans
- c) Fulltrúi kennara grunnskólans
- d) Fulltrúi starfsmanna á leikskóla
- e) Sveitarstjóri
- f) Fulltrúi foreldra barna í Valsárskóla
- g) Fulltrúi foreldra barna í Álfaborg

Deildarstjóri tónlistarskóla situr fund ef málefni tónlistarskólans eru til umfjöllunar.

Heimilt er að boða aðra á fundi nefndarinnar til viðræðna um tiltekin mál.



## Verkefni skólanefndar

7. gr.

Verkefni skólanefndar eru sem hér segir:

- a) hefur eftirlit með að öll börn í Svalbarðsstrandarhreppi njóti lögboðinnar fræðslu og umönnunar. Í störfum sínum ber skólanefnd að vinna að því að allir nemendur hljóti sem besta aðstöðu og jöfnust tækifæri til náms og að skólinn veiti sérhverjum nemanda fræðslu og umönnun eftir aldri sínum og þroska og í samræmi við gildandi aðalnámskrár á hverjum tíma
- b) ber að tryggja þeim börnum sem vísað hefur verið úr skóla viðeigandi kennsluúræði
- c) staðfestir starfsáætlun skóla ár hvert og skólanámskrár
- d) fylgist með framkvæmd náms og kennslu í sveitarfélaginu og gerð skólanámskrár og gerir tillögur til skólastjóra og/eða sveitarstjórnar um umbætur í skólastarfi,
- e) stuðlar að tengslum og samstarfi leikskóla og grunnskóla annars vegar og grunnskóla og framhaldsskóla hins vegar
- f) hefur eftirlit með að jafnan sé fyrir hendi fullnægjandi húsnæði og annar búnaður. Skólanefnd, ásamt skólastjórum, lítur eftir að uppfylltar séu kröfur laga og reglugerða á þessu sviði og gerir tillögur til sveitarstjórnar um úrbætur
- g) gerir tillögu til sveitarstjórnar um skipulag skólamála
- h) hefur eftirlit með og stuðlar að því að skólum sé tryggður aðgangur að sérfræðipjónustu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir
- i) hefur eftirlit með að ákvæði laga og reglugerða séu uppfyllt og gerir tillögur til sveitarstjórnar um úrbætur
- j) lætur menntamálaráðuneyti í té upplýsingar um framkvæmd skólalahalds, innra mat skóla, ytra mat sitt, framgang skólastefnu og áætlanir um umbætur
- k) hefur eftirlit með starfi tónlistarskóla
- l) hefur eftirlit með skólatengdu starfi sem veitt er í skólanum utan skólatíma svo sem frístund fyrir börn í 1.- 4. bekk í grunnskóla
- m) hefur eftirlit með skólaakstri nemenda
- n) hefur eftirlit með að til séu sem gleggstar upplýsingar um skólamál í Svalbarðsstrandarhreppi og að íbúar hafi aðgang að upplýsingum um þá þjónustu sem í boði er
- o) fjallar um rekstraráætlun áður en hún er lögð fyrir sveitarstjórn

8. gr.

Skólanefnd hefur eftirlit með framkvæmd eftirfarandi laga og reglugerða sem byggja á þeim, eins og þau eru á hverjum tíma og að því marki sem löggin leggja skyldur á herðar sveitarfélaga:

- a) grunnskólalög nr. 91/2008
- b) lög um leikskóla nr. 90/2008
- c) lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 87/2008
- d) lög um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985
- e) reglugerð nr. 198/1992 um eftirlit og leyfisveitingar vegna daggæslu barna í heimahúsum og
- f) aðrar lagasetningar Alþingis og reglugerðir ráðuneyta sem á hverjum tíma tengjast verkefnum nefndarinnar.

## Um fundarsköp skólanefndar

9. gr.

Um fundarsköp á fundum skólanefndar gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 og samþykktar um stjórn og fundarsköp Svalbarðsstrandarhrepps. Til fundar telst löglega boðað hafi allir skólanefndarmenn, eða varamenn í forföllum aðalmanna svo og aðrir sem seturétt eiga á fundinum, verið boðaðir með a.m.k. tveggja sólarhringa fyrirvara og þeim jafnframt greint frá dagskrá fundarins. Í dagskrá skal vísað til gagna um þau fundarefni sem til umfjöllunar eru eftir því sem kostur er. Komi upp mál sem krefst skjótrar úrlausnar skólanefndar getur fyrirvari um fundarboð verið skemmri ef enginn skólanefndarmanna mælir gegn því og skal það bókað í upphafi fundar. Óski nefndarmaður eftir að taka mál á dagskrá skal hann tilkynna formanni það skriflega eða með rafrænum hætti með tillögu eða fyrirspurn a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund. Heimilt er að taka mál til meðferðar í skólanefnd þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver nefndarmanna óskar þess. Skólanefnd getur enga ályktun gert nema meirihluti hennar sitji fund. Verði atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns. Mál skulu tekin til



umræðu og afgreidd í þeirri röð sem þau eru á dagskrá nema formaður eða skólanefnd ákveði annað. Afl atkvæða ræður úrslitum mála.

10. gr.

Skólanefnd skiptir með sér verkum og skal á fyrsta fundi kjósa varaformann og ritara. Formaður skólanefndar boðar nefndarfundum og stjórnar þeim.

11. gr.

Formaður skólanefndar stjórnar fundum og sér um að allt fari þar löglega og skipulega fram. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum sem kunna að koma út af fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar nefndarinnar. Fundarmönnum er skylt að lúta valdi formanns að því er varðar fundarskóp og góða reglu.

12. gr.

Um ritun fundargerða skólanefndar gilda sömu reglur og um ritun fundargerða sveitarstjórnar, sbr. 32. gr. samþykkt um stjórn og fundarskóp Svalbarðsstrandarhrepps. Ritari skólanefndar skal færa í gerðabók númer fundar, hvar og hvenær fundur er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðabók dagskrá fundar, upphafstíma fundar og fundarslit. Viðstaddir fundarmenn skulu rita nöfn sín í gerðabók í fundarlök. Gerðabók skal geymd á skrifstofu sveitarfélagsins. Formaður skal sjá um að fundargerð sé send sveitarstjórn til staðfestingar og öllum sem seturétt hafa á skólanefndarfundum.

### **Um hæfi og skyldur skólanefndarmanna og annarra fundarmanna**

13. gr.

Um hæfi skólanefndarmanna gilda ákvæði 20. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2008, II. kafli stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og Samþykkt um stjórn og fundarskóp Svalbarðsstrandarhrepps.

14. gr.

Nefndarmönnum er skylt að sækja alla fundi skólanefndar nema lögमत forföll hamli. Sé skólanefndarmaður forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til formanns. Nefndarmenn skulu vekja athygli á hagsmunum sínum eða tengslum við málsaðila sem gætu leitt til vanhæfis. Nefndarmaður skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna, samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst áfram eftir að nefndarmaður lætur af þeim störfum. Þetta ákvæði á einnig við um áheyrnarfulltrúa og aðra fundarmenn.

### **Ráðningar starfsfólks**

15. gr.

Sveitarstjórn ræður skólastjóra að fenginni umsögn skólanefndar.

16. gr.

Skólastjóri ræður kennara og annað starfsfólk skóla að höfðu samráði við skólanefnd.

### **Málsmeðferðarreglur skólanefndar**

17. gr.

Við meðferð mála hjá skólanefnd, er varða réttindi og skyldur aðila, skal gæta ákvæða stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Skólanefnd skal gæta að leiðbeiningaskyldu varðandi þau erindi sem eru til meðferðar hjá nefndinni. Við úrlausn mála skal gæta samræmis, jafnræðis og meðalhófs skv. stjórnsýslulögum nr. 37/1993. Ákvörðun skólanefndar skal tilkynnt aðila máls. Hafi umsókn aðila verið hafnað eða ekki tekin til greina að öllu leyti skal fylgja tilkynningunni rökstuðningur eða leiðbeiningar um heimild aðila til að fá ákvörðun rökstudda.

### **Stjórnsýslukæra**

18. gr.

Aðila máls er heimilt að kæra ákvörðun skólanefndar eða starfsmanna þess til æðra stjórnvalds sem við á til þess að fá ákvörðun fellda úr gildi eða henni breytt nema annað leiði af lögum eða venju. Kæra skal borin



fram innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðun nefndarinnar eða starfsmanna hennar, nema lög leiði til annars frests. Stjórnsýslukæra frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar meðan málið er til meðferðar nema æðra stjórnvald mæli svo fyrir.

### **Gildi samþykktarinnar**

19. gr.

Sett með heimild í 40. gr. Samþykktar um stjórn Svalbarðsstrandarhrepps nr. 125

Samþykkt þessi tekur gildi með staðfestingu sveitarstjórnar 12. apríl 2021



**SVALBARÐSSTRANDAR  
HREPPUR**